

REGLUGERÐ um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 610/2007.

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til á eftir lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2007, frá 7. desember 2007, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 610/2007 frá 1. júní 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) nr. 10.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 610/2007 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 11/2009, 19. febrúar 2009 bls. 173.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2007 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 26/2008, 8. maí 2008, bls. 32.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 23. febrúar 2009.

F. h. r.

Mariánnna Jónasdóttir.

Pórður Reynisson.

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2009